

Eyja- og Miklaholtshreppur
b/t Eggert Kjartansson
Hofsstöðum
311 Borgarnes

Reykjavík 6. maí 2019
UST201903-102/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshreppur – Endurskoðun

Vísað er til erindis Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps.

Sérstök vernd

Innan sveitarfélagsins er að finna óvenjulega mikla útbreiðslu vistkerfa og jarðminjar sem falla undir 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem að njóta skuli sérstakrar verndar.

Í greinargerð skipulagstillögunnar þar sem fjallað um markmið fyrir vernd vatns og náttúru segir m.a. að engin starfsemi eða framkvæmdir innan sveitarfélagsins leiði af sér raski á sérstæðum eða áhugaverðum náttúrufyrirbærum.

Í tillögunni eru skilgreindar frístundarbyggðirnar F-2, 6 og 14, athafnarsvæðið AT- 2 og verslunar-og þjónustusvæðin VP-8, 9 og 16 og eru þessi svæði innan votlendissvæða sem falla undir a. lið 1. mgr. 61.gr. náttúruverndarlaga. Auk þess kemur fram í tillögunni að það sé viðfangsefni deiliskipulags að finna mannvirkjum stað þar sem votlendi eða önnur vernduð fyrirbæri raskast sem allra minnst.

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur vera ósamræmi milli markmiða um verndun vistkerfa sem falla undir 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og útfærslu tillögunnar og auk þess telur Umhverfisstofnun að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif á ofangreind verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að votlendissvæði sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd verða ekki raskað.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að verndarsvæði, sem falla undir 61. gr. laganna hafa verið raskað á einhvern hátt, réttlætir það ekki frekari röskun á svæðum sem falla undir greinina.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvænleikanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint fer stofnunin fram á það, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vindorka

Í greinargerð kemur fram að vaxandi áhugi er á hagnýtingu vindorku innan sveitarfélagsins. Einnig kemur fram að ekki er mörkuð stefna í ofangreindri aðalskipulagstillögu um tiltekna staði þar sem gert er ráð fyrir vindorkuverum. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur lagt áherslu á að valdir séu ákjósanlegustu staðir fyrir vindorkuver og að á slíkum stöðum væri gert ráð fyrir vindmyllum, en að ekki sé verið að dreifa þeim. Einnig er það mat Umhverfisstofnunar að frekar en að hvert sveitarfélag ákveði að staðsetja vindmyllur hvert í sínu sveitarfélagi, eigi frekar að líta til landsins í heild og velja svæði sem hentar til slíkrar orkuframleiðslu þar sem hægt er að koma fyrir mörgum vindmyllum í stað þess að dreifa þeim.

Umhverfisstofnun telur að stakar vindmyllur sem eru að jafnaði a.m.k. 20 m háar sem eru staðsettar á og við verndarsvæði geti haft neikvæð umhverfisáhrif, þar sem vindmyllur geta skert ásýnd og verndargildi svæða og upplifun gesta sem þau heimsækja.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við skógrækt séu jarðmyndanir og vistkerfi vernduð. Stofnunin bendir á að í Stofnumótun stjórnvalda til ársins 2020, Velferð til framtíðar, að í kafla 7, sem er um vernd lífríkis Íslands, er fjallað um þau markmið sem Ísland hefur sett sér varðandi það að fjölbreytileika tegunda og vistgerða verði viðhaldið og að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að viðhalda þeim vistkerfum sem eru á Íslandi líkt og búsvæði fugla og að þau fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum.

Í greinargerð kemur fram að sett eru ákvæði um að skógrækt fari ekki fram á svæðum sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á gæði og staðsetningu skóga, í sátt við aðra umhverfisvernd, en stofnunin telur m.a. að svæði SL2 og 10 séu staðsett á votlendissvæði sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur að rask vegna skógræktar á votlendissvæðum geti valdið neikvæðum umhverfisáhrifum og bendir á mikilvægi þess að þeim verða ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði formum landslags fylgt eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað, og til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt á hverjum stað.

Virkjanir

Afmarkað er iðnaðarsvæði (I-2) í tillögunni fyrir nýja virkjun í Grímsá og svæði fyrir virkjunina var deiliskipulagt árið 2003. Einnig kemur fram að ekki liggi fyrir frumhönnun virkjunar en að í deiliskipulagi sé gert ráð fyrir 400 kW virkjun og að stífla verði 5 m á hæð og 30 m löng og verði í 212 m hæð. Umhverfisstofnun tekur undir að áhrif virkjunar verði mest á yfirborð lands og vistkerfi og ásynd lands.

Umhverfisstofnun telur að iðnaðarsvæðið (I-2) sé á hluta á nútímahraun sem nefnist Hörgsholtshraun og fellur það undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skv. skilmálum fyrir reitinn sem tilgreindir eru í tillögunni segir að við nánari útfærslu framkvæmdarinnar skal tryggt að nútímahraun raskist sem minnst, sbr. 61. grein laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að rask vegna virkjanaframkvæmda á hrauni sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd geti valdið neikvæðum umhverfisáhrifum og bendir á mikilvægi þess að hrauni verða ekki raskað í tillögunni.

Að mati Umhverfisstofnunar er erfitt að meta það á þessu stigi hvort önnur neikvæð umhverfisáhrif Grímsárvirkjunar verði óveruleg þar sem en nákvæmari lýsing virkjunar liggur ekki fyrir bæði varðandi efnisnotkun, litaval og endurheimt gróðurs á svæðum er verður raskað.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif framkvæmdanna á rennsli Grímsár í tillögunni. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem hefur breytt lagaumhverfi nýrra virkjana. Sérstaklega er minnt á ákvæði 13. gr. laganna um manngerð og mikið breytt vatnshlot og 18. gr. laganna sem tiltaka að Umhverfisstofnun sé heimilt að leyfa breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að umhverfismarkmiðum verði ekki náð nema að uppfylltum nánar tilteknum skilyrðum. Vöktunaráætlun virkjunarinnar þarf einnig að taka mið af þessum nýju kröfum.

Hótel með baðlóni

Í greinargerð og umhverfisskýrslu kemur fram að fyrirhugað er að reisa hótél með baðlóni í landi Eiðhúsa. Einnig kemur fram að hótelið geti orðið allt að 12.000 m² á 1-2 hæðum, og húshæð allt að 9 m. Einnig kemur fram að baðlón verði allt að 6.000 m².

Eins og fram kemur í umfjöllun um áætlað framkvæmdasvæði í landi Eiðshúsa er það á svæði þar sem mikið er um votlendi, en votlendi nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eins og fram kemur í umfjölluninni. Við staðsetningu mannvirkja á deiliskipulagsstigi skal gerð grein fyrir valkostum og þess gætt að votlendi skerðist sem minnst.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi skýra grein fyrir stærð votlendis sem áætlunin gerir ráð fyrir að raska. Einnig bendir stofnun á að skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal ekki raska vistkerfum eða jarðminjum er njóta sérstakrar verndar nema brýna nauðsyn beri til. Að mati stofnunarinnar þarf að rökstyðja val á staðsetningu fyrir hótél og baðlón og einnig að þarf að koma fram að brýn nauðsyn og brýnir almannahagsmunir séu fyrir því að raska þurfi svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálendi og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis, orlofsþorp, hótél og tengdar framkvæmdir utan þéttbýlis falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorðið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Náttúrminjar

Á skipulagsuppdrætti kemur fram að áætluð eru frístundasvæði F-5 og 15 og svæði fyrir verslun og þjónustu VP-9, 11 og 16 inni á svæðum á náttúruminjasrá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að staðarval fyrir frístundabyggð og svæði fyrir verslun og þjónustu sé rökstutt. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að framkvæmdir séu áætlaðar þannig að þær falli vel að umhverfinu og rýri ekki verndargildi svæðanna. Einnig bendir stofnunin á að frístundabyggðir eru áætlaðar í og við mikilvæg búsvæði fugla. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að framkvæmdatími sé skipulagður þannig að hann sé utan varptíma.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Á lista yfir efnistökusvæði kemur fram að á jörðinni Ytri – Rauðamel eru áætlaðar námur E-20, E-21 og E-22. Efnistökusvæðin á jörðinni Ytri – Rauðamel virðast öll vera á

eldhrauni og auk þess eru þar gjall- og klepragígar. Stofnunin bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 skal ekki raska jarðminjum s.s. eldhrauni nema brýna nauðsyn beri til. Að mati stofnunarinnar þarf að rökstyðja val á staðsetningu fyrir efnistökusvæðin og einnig þarf að koma fram að brýn nauðsyn og brýnir almannahagsmunir séu fyrir því að raska þurfi svæðinu þegar framkvæmdaleyfi er veitt. Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að verndarsvæði, sem falla undir 61. gr. laganna hafa verið raskað á einhvern hátt, réttlætir það ekki frekari röskun á svæðunum.

Í og við Vegamót eru nokkur efnistökusvæði þar sem efni er tekið úr svokölluðum Ölduhrygg. Að mati Umhverfisstofnunar ætti efnistaka að fara fram á einum stað úr hryggnum í einu og mikilvægt er að gengið verði frá sérhverju efnistökusvæði þegar nýtingu er lokið.

Í umfjöllun um efnistöku- og efnislosunarsvæði kemur fram markmið um að námum og haugsetningarsvæðum skal loka svo fljótt sem auðið er. Umhverfisstofnun tekur undir markmiðið, og bendir stofnunin á vefinn namur.is en þar er að finna leiðbeiningar varðandi efnistökusvæði og frágang þeirra.

Búsvæði sela

Umhverfisstofnun bendir á að skv. NÍ á vefslóðinni <http://selalatur.ni.is/> sem fjallar um selalátur við strendur Íslands kemur fram að selalátur er við strandsvæði sveitarfélagsins.

Umhverfisstofnun vill benda á að selir eru skráðir á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Þar er landselur flokkaður sem tegund í bráðri hættu og útselur flokkaður sem tegund í hættu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi umgengni við selalátrin og verndun sela. Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að allar framkvæmdir landnotkun séu með þeim hætti að þær hafi sem minnst áhrif á búsvæði selanna og truflun sé haldið í algjöru lágmarki.

B-hluti

Umhverfisstofnun vill benda að innan sveitarfélagsins er svæði á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) að framkvæmdaráætlun (B-hluta) sem kallast Mýrar – Löngufjörur.

NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin og aðra hagsmunaaðila, en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir alþingi verður haft samráð við áður nefnda aðila. Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rými ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum frá NÍ er forsenda fyrir vali á svæðinu sú að þar er víðlend mýrasvæði og sum þeirra lítið snortin af framræslu. Auk þess kemur fram að forgangsvistgerðir eru sjávarfitjungsvist, runnamýravist á láglandi og starungsmýravist, en einnig má nefna gulstararflóavist og gulstararfitjavist. Á svæðinu eru mörg lítt röskuð vötn sem oft eru samtengd.

Helstu ógnir samkvæmt NÍ við svæðið er framræsla, búfjárbætur (einkum hrossa), vegagerð- og önnur mannvirkjagerð, vaxandi frístundabyggð og ferðamennska. NÍ leggur til aðgerðir til verndunar svæðisins sem er m.a. að framræsla á svæðinu verði ekki meiri en orðið er, endurheimta votlendi þar sem landnýting leyfir, stilla beitarálagi í hóf. Auk þess leggur NÍ til að takmarka eigi frekari landfyllingar í fjöru, hreinsa frárennsli og tryggja að frístundabyggð verði ekki reist á viðkvæmum svæðum.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að fráveita í sveitarfélaginu byggist á rotþróum á hverjum stað en sveitarfélagið útvegar þær fyrir nýbyggingar. Auk þess kemur fram að ekki hafa verið framkvæmdar rannsóknir á mengun í jarðvegi frá rotþróum í sveitarfélaginu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í gr. 7.2 reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999 segir: „Skólp skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.“

Í greinargerð þar sem fjallað er um mat á áhrifum vegna fjölgun ferðaþjónustu segir að öll förgun skólps fer fram innan jarða og á ábyrgð landeiganda og eðlilegt er að fjalla um útfærslu á deiliskipulagsstigi og þá í samhengi við viðkvæmni viðtaka á hverjum stað.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hver staða fráveitumála er í sveitarfélaginu. Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Umhverfisstofnun bendir á leiðbeiningar um rotþræur og siturlagnir þar sem fjallað er um meðferð skólps frá stöku húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis, útgefið af Umhverfisstofnun í apríl árið 2007.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur